

Davíð Bragi Konráðsson

Naglar frá Skriðuklaustri



Skýrslur Skriðuklaustursrannsókna XVI

© Davíð Bragi Konráðsson 2007.
Naglar í byggingu Skriðuklausturs.

Skýrslur Skriðuklaustursrannsókna XVI.

Verkefni Nýsköpunarsjóðs námsmanna 2007.

Útgefandi: Skriðuklaustursrannsóknir.
Útgáfustaður: Reykjavík.

Forsíðumynd: Naglar úr líkkistu (ljósmynd: Giuseppe Venturini).

Efnisyfirlit

Ágrip af skýrslunni.....	4
Inngangur.....	5
Skriðuklaustur og byggingar þess.....	5
Byggingarefni	7
Burðarvirki	7
Festingar á burðarvirkjum	8
Uppsetning gagnagrunnsins	10
Umfjöllun	11
Dreifing gripa á svæði.....	11
Lengd gripa.....	12
Stilkur og haus	13
Efni gripa	13
Niðurstöður	13
Heimildaskrá.....	14
Fylgiskjöl	16
Fylgiskjal 1.....	16
Fylgiskjal 2.....	17

Ágrip af skýrslunni

Skriðuklaustur í Fljótsdal var stofnað árið 1493 og starfrækt til ársins 1554 en fornleifauppgröftur hefur staðið yfir á rústum þess síðan 2002. Á árunum 2002-2007 hafa verið skráðir um 10 þúsund fornleifafundir. Í einu fundanúmeri getur verið allt frá einu broti úr grip til 54 naglabrota í einni líkkistu en skráning fer fram m.t.t samhengis. Markmið verkefnisins var að gera formgerðarfræðilegt yfirlit nagla og aðra málmgripa sem varpað geta ljósi á smíði bygginga, innréttinga, húsbúnað og líkkistur fundna við uppgröftinn á Skriðuklaustri, skrániður fjölda þeirra, greina gerð þeirra og skoða staðsetningu hvernar gerðar fyrir sig innan rústasvæðisins. Vonast var til að hinar mismunandi gerðir naglanna gætu varpað ljósi á hvar og hvernig innréttingar voru í klaustrinu og svo eins sagt til um nýtingu nagla almennt. Til þess var notast við gagnagrunn sem settur var upp í forritinu Microsoft Access og upplýsingar um alla naglana og tengda málmgripa voru skráðir þar. Með slíkum grunni er hægt að gera margvíslega greiningu og setja upplýsingar fram á skilvirkan hátt. Einnig er þessi gagnagrunnur mikilvægur sem samanburðarefni. Í gripasafni fornleifauppgrafatarins á Skriðuklaustri voru á tímabilinu 2002-2006 skráðir 751 þess konar gripir í gagnagrunninn, 678 voru naglar og mun færri gripir af öðrum tengdum gerðum hafa fundist. Naglarnir fundust flestir á svæði N þar sem kór klausturkirkjunnar var og því miklar líkur á því að þar hafi verið timburgólf og þil á veggjum.

Inngangur

Vorið 2007 hlutu Skriðuklaustursrannsóknir styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna til rannsókna á nöglum sem fundist hafa við uppgröftinn á Skriðuklaustri. Markmiðið var einkum að leita svara við spurningum um byggingu Skriðuklausturs með greiningu þeirra nagla sem notaðir voru við smíði mismunandi hluta hennar, innréttinga og innviða. Eins átti um leið að greina nagla sem notaður var við smíði líkkistna, kistla eða annarra álíka innanstokksmuna og aðra málmgripi, s.s. lykla, lása og lamir, sem gætu gefið vísbendingar um hurðir eða skilrúm. Verkefnið bar yfirskriftina *Bygging Skriðuklausturs* og var Steinunn Kristjánsdóttir umsjónarmaður þess. Við skýrslugerðina var aðstoð fengin frá Ragnheiði Gló Gyldadóttur M. A. nema í fornleifafræði og starfskonu Skriðuklaustursrannsóknarinnar, svo og Gunnari Bjarnasyni húsasmíðameistara og eiga þau þakkir skildar.

Til þess að auðvelda greiningarvinnuna var hannaður gagnagrunnur í forritinu Microsoft Access og allir naglar og aðrir áþekkir málmgripir skráðir í hann. Gripirnir voru auk þess að hluta ljósmyndaðir fyrir birtingu í gagnagrunninum, stærð þeirra mæld, þeir greindir til tegunda og flokkaðir eftir formgerð (e. *typology*), s.s. sem rónagli, kengur, blindingi, hnoðnagli o.s.frv. Þá var líka rýnt í þær ritheimildir sem gætu gefið ákveðið viðmið við formgerðarfræðilegu greininguna. Þegar innslætti var lokið var dreifing hverrar naglategundar fyrir sig innan klausturbyggingarinnar skoðuð og gerð tilraun til þess að greina hvaða rými innan hennar voru þiljuð með timbri, hvar gólfborð voru helst og loks hvort greina mætti leifar innanstokksmuna, s.s. kistla eða koffort, innan hennar.

Skriðuklaustur og byggingar þess

Skriðuklaustur nefnist bær og jörð í Fljótsdal og liggur hann á milli Valþjófsstaða og Bessastaða. Þar var stofnað munkaklaustur undir lok 15. aldar en staðurinn hét upphaflega Skriða. Talið er að klaustrið hafi tilheyrt Ágústínusarreglu og var það stjórnað af príor. Ætla má að reglubræður hafi ekki verið fleiri en sex við klaustrið. Í vígslubræfi Skriðuklausturskirkju frá 1512 kemur fram að hún skuli helguð heilagri Maríu guðsmóður, líkama Krists og blóði (Gunnarsstofnun, 2007).

Fátt var vitað um byggingar og umsvif klaustursins áður en forrannsókn hófst 2000 en uppgröftur hófst síðan árið 2002. Klaustrið hefur lengi verið talið lítið og hlutverk þess

takmarkað og þá helst að það hafi einskorðast við bænahald, ritun bóka og skjala, menntun prestsefna og eignaumsýslu. Fornleifarannsóknin hefur staðfest þessi hlutverk og einnig breytt hugmyndum um stærð þess og önnur hlutverk. Þrátt fyrir að segja megi að engin tvö klaustur líti eins út, má sjá á öðrum samtíða klaustum Evrópu að grunnform þeirra er sambærilegt því sem greina má í byggingum Skriðuklausturs. Skriðuklaustur hefur einnig gegnt hlutverki nokkurs konar sjúkrastofnunar, líkt og tíðkaðist í mörgum öðrum klaustum en þau voru oft griðastaðir fyrir sjúka, fátæka og aldraða (Steinunn Kristjánsdóttir 2007, bls. 26).

Byggingar klaustursins sjálfs hafa staðið á svokölluðu Kirkjutúni, um 150 metrum fyrir neðan bæjarstæðið á Skriðuklaustri og er talið að þær nái yfir 1200 fermetra svæði. Samkvæmt upplýsingum úr uppgreftinum er ljóst að mikið líf hefur verið á svæðinu á síðasta áratug 15. aldar og á fyrri hluta 16. aldar. Þegar uppgriftarsumrinu 2007 lauk var stærð uppgriftarsvæðisins 710 fermetrar en það samanstendur af 20 x 35 fermetra stórum svæðum. Eftir sumarið 2005 höfðu þegar verið greind sex herbergi innan klausturhúsanna en þau eru matsalur (svæði A), eldhús (svæði B), hitunarhús (svæði D), kapítuli (svæði C og E), vinnustofa (H) og óþekkt herbergi (svæði I). Eftir uppgröftinn 2007 hafa tvö herbergi til viðbótar (svæði L og O) verið kláruð en ekki er vitað um hlutverk þeirra (sjá fylgiskjal 1).

Tröppur hafa komið í ljós í hitunarhúsinu og herberginu austan megin við það og þýðir það að loft hafi verið yfir eða kjallari legið undir (mynd 1). Ofn var við tröppurnar í hitunarhúsinu en þannig hefur verið hægt að hita upp báðar hæðirnar og herbergið við hliðina (Steinunn Kristjánsdóttir 2007, bls. 11-14). Aðrar steintröppur hafa verið grafnar fram að hluta í gangi sem liggur undir ógrafið svæði.



Mynd 1. Ofn og leifar trappa.

Á rústasvæðinu hefur einnig verið grafin fram klausturkirkja og kirkjugarður ásamt klausturgarði sunnan megin við klausturhúsin en þau mynda þetta og samfellda byggð eins og venjan var við klausturbyggð í Evrópu. Grafir hafa fundist í kirkjugarðinum, kirkjunni og

einnig í klausturgarðinum. Að jarða í honum var ekki algengt en þar hefur fundist brunnur sem staðfestir tilvist klaustursgarðsins ef höfð er hliðsjón af brunnum í öðrum klausturgörðum í Evrópu (Steinunn Kristjánsdóttir 2007, bls. 14-15). Aðeins á svæðum K, N og P (sjá fylgiskjöl 1 og 2) hafa fleiri en eitt byggingarskeið fundist en þar var nefnilega klausturkirkjan reist fyrst og svo ofan á grunni hennar yngri kirkja sem lagðist af 1792. Það er talið að einungis kór (svæði N) klausturkirkjunnar og hluti miðskipsins hafi verið endurnýttur til að byggja yngri kirkjuna. Því að gera má ráð fyrir því að kórinn hafi verið vandaðri en aðrir hlutar klausturkirkjunnar og að sú yngri hafi verið minni í smíðum. Í kór klausturkirkjunnar hafa fundist leifar veggjaglæðningar úr víði og steindir gluggar hafa verið í klausturkirkjunni því að brot af glerjum hafa fundist um allt kirkjustæðið (Steinunn Kristjánsdóttir 2006, bls. 13-14).

Byggingarefni

Áður en grafið var á Skriðuklaustri var lítil vitneskja til um byggingar klaustra á Íslandi. Það er nú orðið ljóst að hefðbundið bæjarform var ekki notað við byggingu þeirra, heldur stuðst við fastmótað grunnform klaustra í Evrópu. Byggingarefnið hefur þó að líkindum verið mismunandi eftir efni og aðstæðum. Hefur uppgröfturinn leitt í ljós að efni og byggingaraðferðir, sem viðhafðar voru við byggingu Skriðuklausturs, hafi verið hefðbundnar. Veggir voru gerðir úr torfi, lausri mold og grjóti en burðarvirkin úr timbri, einkum rekaviði. Samkvæmt viðargreiningu á óbrenndum viðarleifum er aðallega um að ræða furu og skógafuru sem báðar eru þekktir rekaviðir hér við land (Steinunn Kristjánsdóttir 2005, bls. 21).

Burðarvirki

Í greininni *Húsagerð á Skriðuklaustri á klausturtíma* fer Gunnar Bjarnason (2008) í gegnum mögulega uppbyggingu húsa á Skriðuklaustri. Samkvæmt honum hefur byggingartimbrið verið rekaviður, innfluttur víður, íslenskt birki, sem allt var notað sem þakraftar, eða hrís undir torf. Burðarvirkið hefur verið sett upp með stoðum á stoðarsteinum, þverbitar þar ofan á, en veggþil hvílt í syllum. Uppgröfturinn hefur leitt í ljós að í kapellunni og kirkjunni hafa fundist undirstöðusteinar fyrir syllur, því hefur líklega verið þil þar á veggjum. Á þverbitum hafa sperrur eða dvergbitar legið og svo langbönd hafa haldið undir ása.

Göngin í klaustrinu voru væntanlega sum innan við einn metri á breidd (sjá mynd 2) og þar kringlóttir gangagluggar með skjám en einnig voru skellihurðir í húsunum. Þökin á flestum húsum frá þessum tíma voru lögð frá útveggjum og hvíldu þau á röftum og náðu upp á ása. Síðan þvert ofan á raftanna var lögð tróð eða hrís sem haldið var með trénoöglum eða þurrtorfi; þar ofan á það voru svo lagðar túnþökur til að mynda súð. Ýmist hafa verið hellugólf, moldargólf eða timburgólf.



Mynd 2. Hellulagður gangur í klausturhúsunum á Skriðu.

Moldargólf hefur verið í göngum og aðalinngangur hefur reyndar ekki fundist en mjög líklega hefur hann verið hellulagður. Mikill fjöldi nagla sem fundist hefur bendir til þess að timburgólf hafi víða verið í klausturbyggingunni og að hurðar hafi verið á járnum (Gunnar Bjarnason, 2008).

Festingar á burðarvirkjum

Þessi rannsókn beinist að því að skoða þá gripi sem gætu sagt eitthvað til um byggingu Skriðuklausturs með því að athuga gerð þeirra og dreifingu innan rústanna. Þar ber helst að nefna málmgripi en þeir varðveitast mun betur en lífrænt efni, s.s. timbur, en í þeim flokki teljast naglar og aðrar festingar eins og blindingar, lamir, lásar, kengir og blindingjar. Þetta smíðajárn hefur verið mikið notað á Skriðuklaustri og virðist sem um ásmundarjárn að ræða en það tók við af rauðablástursjárn sem hafði verið notað frá upphafi Íslandsbyggðar. Ásmundarjárn hefur verið flutt inn á byggingartíma Skriðuklausturs en ekki má þó útiloka að

járnið hafi verið smíðað nærri byggingarstaðnum. Þeir sömu og byggðu húsin hafa einnig getað sjálfir smíðað járnhluti sem notaðir voru í bygginguna (Gunnar Bjarnason, 2008).

Þegar þessir málmgripir eru skoðaðir virka þeir frekar ómerkilegir en raunin er samt sú að þeir eru oft og tíðum eina vísbendingin um viðarleifar í fornleifauppgrefti og leika þeir því stórt hlutverk í greiningu á rústum sem þessum. Þeir hafa einnig hingað til verið algengustu fundirnir í uppgröftum en oftast algjörlega virtir að vettugi sem vísbendingar um byggingartækni eða gerð bygginga. Þegar skráning á þessum málmgripum eru skoðuð í fundaskráum kemur einmitt fram mikið ósamræmi á milli heita þeirra. Má þar helst nefna bátasaum, bátasaum með haus, bátasaum með ró, hnoðnagla, hnoðsaum, nagla, rónagla og hóffjöður. Þeir bera ekki einungis margvísleg nöfn heldur eru þeir settir í flokka sem þeir tilheyra ekki og að skoða þessa málmgripa í gegnum fundaskrána er nánast ómögulegt. Því þarf að greina þá upp á nýtt og gera formgerðarfræðilega skrá yfir þá.

Fornleifafræðingurinn Davide Zori er einn þeirra fáu sem reynt hafa að búa til staðlaða flokka fyrir naglana en hann miðaði í rannsókn sinni við fundaskrár uppgrafarins í Mosfellsdal. Flokkar hans eru þessir:

- **Nagli** er með beittan stilk með hringlaga eða ferkantaðan haus.
- **Hnoðnagli** hefur tvo hause, samtengda með stilk. Hausarnir eru yfirleitt hringlaga en geta einnig verið óreglulegir, vegna afmyndunar af höggum hamars.
- **Rónagli** er með hringlaga haus á öðrum stilknum en demantslaga eða ferkantaðan á hinum hausnum. Stilkurinn fer oftast í gegnum demantslaga eða ferkantaða hausinn og sést alltaf aðeins í nokkra mm í stilkinn hinum megin (Zori, Davide, án árs, bls. 4).

Til að festa saman tvær spýtur er annaðhvort notaður nagli úr tré eða járn. Trénaglar eru yfirleitt orðnir að mold þegar þeir eru grafnir upp, ólíkt málmnöglunum. Naglahausar voru stundum til skrauts, samhliða því að vera festing. Hausarnir geta þess vegna verið flatir, kúptir, ferkantaðir eða hringlaga. Flatsleginn haus liggur slétt í yfirborðinu, á meðan kúpti hausinn stendur út úr og eru það venjulegir handsníðaðir naglar til að festa borð eða klæðningu. Ferkantaðir, kúptir og hringlaga hausar eru venjulega til skrauts, en þeir flötu síður.

Nauðsynlegt er að þekkja muninn á rónöglum og hnoðnögglum því að þeir virðast mjög líkir við fyrstu sýn en notkunargildi þeirra er mjög ólíkt. Hnoðnaglar eru t.d. til að festa járn við tré, eins og löm við hurð eða tvær járnplötur saman. Rónaglar eru hins vegar til að festa saman þunnar fjalir, leður eða annað sem ekki er hægt að negla í. Kengir eru helst notaðir til að festa hurðir á gripageymslur, búr eða vinnustofur en ekki á herbergi fólks, þar

sem lokur voru frekar notaðar. Blindingur var notaður til þess að festa tvær spýtur saman án þess að sáust á yfirborði, tveir oddar voru á hverjum stilk og spýturnar fara þá inn hvorum megin (Gunnar Bjarnason, 2008).

Uppsetning gagnagrunnsins

Gagnagrunnurinn var settur upp í forritinu Microsoft Access. Var hann byggður þar upp frá grunni og hafa upplýsingar verið skráðar í hann í tengslum við viðfangsefni þessa verkefnis. Hér fyrir neðan eru þær breytur sem notaðar voru við vinnsluna. Athuga ber að listinn ekki tæmandi en ætti þó að gefa ákveðnar hugmyndir um viðfangsefnið:

ID	ID tala kemur í veg fyrir tvískráningu og sýnir fjölda.
Fundanúmer	Skráð númer grips í fundaskránni.
Ljósmynd	Ljósmynd af gripnum.
Gerð grips	Nagli, hnoðnagli, rónagli, blindingur, ró, kengur, hurðahjörð, krókur, hanki, lamir.
Svæði	Á hvaða uppgraftarsvæði gripurinn fannst.
Jarðlag	Í hvaða jarðlagi fannst gripurinn.
X	Staðsetning grips innan svæðis á X-ás.
Y	Staðsetning grips innan svæðis á Y-ás.
Hæð	Hæð á fundarstaðsetningu grips yfir sjávarmáli.
Lengd stilks	
Lengd hauss	
Gerð hauss	Flatsleginn, ferkantaður - Flatsleginn, hringlaga - Kúptur, hringlaga - Kúptur, ferkantaður.
Mótun stilks	Ferstrendur, sívalur.
Lögun stilks	Beinn, beygður.
Oddur	Tvísleginn, fjórsleginn.
Efni	Járn, kopar, blý.
Athugasemdir	Athugasemdir við skoðun grips.

Umfjöllun

Alls var 751 málmgripur skráður í gagnagrunninn, þar af 678 naglar, 15 rónaglar, átta hnoðnaglar, átta rær, 20 blindingar, 13 kengir. Einnig voru skráðir þar gripir sem tengjast hurðabúnaði, þar af þrjár hurðahjarir, þrír lykklar, þrír krókar, þrír hankar, einn hengilás og ein hurðalæsing.

Dreifing gripa á svæði

Hér fyrir neðan kemur fram dreifing gripanna innan svæða. Fremst er bókstafsheiti svæðisins tilgreint og síðan hvaða gripir fundust þar (sjá fylgiskjal 2).

A	13 gripir, þar af 10 naglar, 1 rónagli, 1 ró og 1 kengur.
B	11 gripir, þar af 9 naglar, 1 blindingur og 1 rónagli.
C	46 gripir, þar af 43 naglar, 1 blindingur, 1 rónagli og 1 kengur.
D	32 gripir, þar af 29 naglar, 1 blindingur, 1 rónagli og 1 lykill.
E	16 gripir, þar af 12 naglar, 3 rær og 1 kengur.
F	32 gripir, þar af 31 naglar 1 hengilás.
G	18 gripir, þar af 18 naglar.
H	83 gripir, þar af 71 naglar, 3 blindingar, 2 rær, 2 rónaglar, 1 hurðalæsing, 2 hurðahjarir og 2 kengir.
I	71 gripir, þar af 64 naglar, 2 blindingar, 1 ró, 1 rónagli, 1 krókur og 2 kengir.
J	37 gripir, þar af 35 naglar, 1 rónagli og 1 hurðahjör.
J/G	54 gripir, þar af 47 naglar, 5 blindingar og 2 hankar.
K	18 gripir, þar af 14 naglar, 2 blindingar og 2 rónaglar.
K/G	4 gripir, þar af 4 naglar.
L	13 gripir, þar af 13 naglar.
M	31 gripir, þar af 28 naglar, 1 blindingur og 2 kengir.
N	137 gripir, þar af 131 nagli, 2 hnoðnaglar, 1 rónagli, 1 hanki, 1 krókur og 1 kengur.
O	35 gripir, þar af 30 naglar, 1 blindingur, 1 hnoðnagli, 1 ró, 1 rónagli og 1 kengur.
P	75 gripir, þar af 64 naglar, 3 blindingar, 3 rónaglar, 2 kengir og 2 lykklar.
Q	1 gripur, þar af 1 nagli.
R	8 gripir, þar af 8 naglar.
Óskráð	16 gripir, þar af 16 naglar.

Áhugavert er að skoða dreifingu gripa á milli svæða og eru vísbendingar til staðar um að sum þessara herbergja í klausturhúsunum auk klausturkirkjunnar hafi verið gólf úr timbri eða veggir þiljaðir en önnur ekki.

Þegar dreifing málmgripanna um rústasvæðið er skoðuð sést vel á hvaða svæðum gripirnir fundust. Á svæði N fundust 131 nagli en þar er kórinn á klausturkirkjunni og einnig hluti af yngri kirkjunni. Vangaveltur hafa verið uppi um að veggir þar hefðu verið þiljaðir, sem og gólfín. Á svæði P fundust 75 gripir en það er einnig hluti af kirkjunni. Á svæði H, sem túlkað hefur verið sem vinnustofa, fundust 83 málmgripir, þar af 71 nagli, ein hurðalæsing og tvær hurðahjarir. Á svæði I (óþekkt herbergi) fannst 71 gripur, þar af voru 64 naglar. Á svæði C fundust 43 naglar og á E 12 naglar og einnig hengilás en þar er talið að kapítulinn hafi verið. Á svæði D, þar sem hitunarhúsið er staðsett, fundust 46 gripir, þar af 43 naglar. Á svæði A, að líkindum matsalur og svæði B sem er eldhús fannst frekar lítið af gripum miðað við svæðin í kring (sjá fylgiskjöl 1 og 2).

Á svæðum J, G, F og M fannst einnig mikið af nöglum. Þar hafa einmitt flestar grafirnar verið en járnaglar fundust í flestum líkkistunum. Líkkistunaglar úr hverri gróf voru settir á eitt númer en við skráningu þeirra í þessu verkefni voru þeir sundurliðaðir og hver nagli mældur fyrir sig. Fjöldi naglanna í heildina séð er þá meiri en 678.

Lengd gripa

Af 751 grip voru 337 mældir frá toppi til tár en niðurstaðan er birt undir tilvísuninni lengd stilks. Langflestir málmgripanna sem mældir voru eru naglar en einnig nokkrir blindingar og kengir. Meðallengd gripanna var 3,94 cm en flestir voru þeir 2-4 cm langir eða 173, frá 0,7 til 2 cm voru 47 gripir, frá 4 til 5 cm voru 52 gripir. Lengsti naglinn var 21 cm langur en sá minnsti 0,7 cm.

Þó verður að taka mið af því að ekki voru gripirnir allir heilir og vantaði ýmist oddinn eða hluta af stilknum á marga gripina. Þeir gripir sem eru í fullri stærð voru 174 talsins og meðalstærð þeirra 4,5 cm. Þeir mældust frá 1,4 til 21 cm, 82 voru frá 2 cm til 4 cm en 70 voru frá 4 cm til 7 cm langir. Þegar gripir eru ekki í fullri stærð er erfitt að átta sig á notkunargildi þeirra. Eins geta margir naglarnir hafa verið rónaglar eða hnoðnaglar í upphafi en þá hefur jafnvel annar hausinn eða róin brotnað af.

Alls voru 274 hausar af nöglum mældir og dreifðust þeir á bilið, 0,3 cm til 3,9 cm. Meðallengd hausa var 1,43 cm og voru 177 hausar frá 1 cm til 2 cm að lengd. Nokkrir hausanna voru ekki heilir og getur það hafa haft áhrif á útkomuna.

Stilkur og haus

Af þeim 320 stilkum sem skráðir voru sérstaklega eftir lögum voru 318 ferstrendir en það eru einmitt merki um handsníði þegar járnhlutur er laminn saman á fjórum óreglulegum hliðum. Eftir 1792 voru naglar gerðir í verksmiðju og eru þá til fleiri gerðir af stilkum og mun jafnari í lögum og eru sumir einnig sívalir. Því er hægt að áætla að naglarnir frá Skriðuklaustri hafi verið handsníðaðir og gerðir fyrir 1792 (Trowel og Pen 2001, bls 2).

Oddarnir á gripunum voru annað hvort tvíslegnir eða fjórslegnir. Tvíslegnir oddar voru 59 og fjórslegnir oddar 113. Hausarnir voru greindir í fjóra flokka, 218 voru flatslegnir og ferkantaðir, 30 voru flatslegnir og hringlaga, níu voru kúptir og hringlaga, átta voru kúptir og ferkantaðir.

Efni gripa

Gripirnir eru allir gerðir úr málmum. 731 gripur er úr járn, 19 úr kopar og einn úr blýi sem er nagli líklega notaður í skrautfestingu. Af gripum úr kopar eru ellefu naglar, fjórar rær, þrír rónaglar og einn lykkill. Kopar varðveitist ekki eins vel og járn í jarðveginum en þeir gripir sem fundust eru frekar líklegir til að hafa verið notaðir í skrautfestingar og bókaumgjarðir, auk eins lykils að kistu.

Niðurstöður

Markmið verkefnisins var að gera formgerðarfræðilegt yfirlit yfir málmgripi sem gátu verið hluti af burðarvirkjum klausturbyggingarinnar á Skriðu. Fjöldi þeirra var skráður og staðsetningu hvernar gerðar fyrir sig innan rústasvæðisins skoðuð. Tilgangur þessarar vinnu var að varpa ljósi á hvar timburgólf voru í klausturbyggingunni og hvar veggir voru þiljaðir, auk þess sem ætlunin var að greina þannig aðrar leifar sem naglar voru notaðir í, t.d. kistur, kistla eða hurðir. Við rannsóknina var notast við gagnagrunn sem settur var upp í forritinu Microsoft Access og upplýsingar um alla fyrrnefnda gripi voru skráðir þar. Með slíkum grunni er hægt að gera margvíslega greiningu og setja upplýsingar fram á skilvirkan hátt. Einnig er þessi gagnagrunnur mikilvægur til samanburðar.

Í gripasafni fornleifauppgraftarins á Skriðuklaustri eru samtals tæpir 10 þúsund gripir frá tímabilinu 2002-2007. Alls voru skráðir 751 gripir úr heildarsafninu í gagnagrunninn úr uppgrefti tímabilið 2002ö2006. Þar af eru 678 naglar, 15 rónaglar, þrír hnoðnaglar, átta rær, 20 blindingar, 13 kengir. Einnig voru skráðir gripir sem tengjast hurðabúnaði, þar af þrjár hurðahjarir, þrír lykjar, þrír krókar, þrír hankar, einn hengilás og ein hurðalæsing. Þegar dreifingin er skoðuð sést vel á hvaða svæðum flestir gripirnir fundust; á svæði N fannst 131 nagli og þar er kórinn á klausturkirkjunni og einnig hluti af yngri kirkjunni. Það lítur því út fyrir að hún hafi verið þiljuð og einnig með timburgólfum. Í vinnustofu fundust 83 gripir, þar af 71 naglar, ein hurðalæsing, tvær hurðahjarir og á svæði I (óþekkt herbergi) fannst 71 gripur, þar af voru 64 naglar. Á svæði C fundust 43 naglar og tólf á svæði E. Einnig fannst þar hengilás en þar var kapítuli klaustursins. Í hitunarhúsinu á svæði D fundust 46 gripir, þar af 43 naglar. Í matsalnum á svæði A og eldhúsinu á svæði B fannst frekar lítið af gripum miðað við svæðin í kring (sjá fylgiskjal 1). Á svæðum J, G, F og M fannst einnig mikið af nöglum en þar hafa einmitt flestar grafirnar verið og eru naglarnir því líklega úr líkkistum.

Ekki vannst tími til að vinna frekar úr niðurstöðunum, vegna þess að fjöldi málmgripa var langt um meiri en reiknað var með við mótun þessa verkefnis. Þess vegna náðist heldur ekki að túlka niðurstöður þær sem fengust með gagnagrunninum að eins miklu marki og vonir stóðu til. Segja má því að úrvinnsla niðurstaðna sé í raun efni í annað verkefni. Samantektin skilað samt sem áður mikilvægum upplýsingum sem nýta má sem fyrsta áfanga í stærra verkefni.

Heimildaskrá

Gunnar Bjarnason (2008). *Húsagerð á Skriðuklaustri á klausturtíma*. Fræðirit Gunnarsstofnunar I. Skriðuklaustur: Gunnarsstofnun.

Gunnar Bjarnason (2007). Samtal höfundar við Gunnar Bjarnason, október.

Gunnarsstofnun (2007). *Skriðuklaustur*. Skoðað 23. september 2007 á slóðinni <http://www.skriduklaustur.is/is/sida/skriduklaustur/klaustur.htm>

Steinunn Kristjánsdóttir (2005). *Skriðuklaustur – híbýli helgra manna. Áfangaskýrsla fornleifarannsóknna 2004*. Skýrslur Skriðuklaustursrannsóknna IX. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.


Steinunn Kristjánsdóttir (2006). *Skriðuklaustur – híbýli helgra manna. Áfangaskýrsla fornleifarannsóknna 2005*. Skýrslur Skriðuklaustursrannsóknna XI. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.

Steinunn Kristjánsdóttir (2007). *Skriðuklaustur – híbýli helgra manna. Áfangaskýrsla fornleifarannsóknna 2006*. Skýrslur Skriðuklaustursrannsókna XV. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.

Trowel og Pen (2001). The newsletter of the Kentucky archaeology survey. *Kentucky Archaeological Survey*. Volume 6. Kentucky: Lexington.

Zori, Davide (án árs). *Nails, Rivets and Clench Bolts: A case for typological clarity*. (Óbirt skýrsla).

Fylgiskjöl




Skriðuklaustur 2002 - 2006

Túlkun rýma



Fylgiskjal 1. Túlkun þeirra rýma sem grafin hafa verið fram úr rústum Skriðuklausturs (teikning: Ragnheiður Gló Gylfadóttir).



Fylgiskjal 2. Uppgráfin herbergi í klaustrinu á Skriðu. Vinnuheiti reita innan rannsóknarsvæðisins koma þar fram (teikning: Ragnheiður Gló Gylfadóttir).

Skýrslur Skriðuklaustursrannsóknna

- I. Steinunn Kristjánsdóttir 2003: *Skriðuklaustur – híbýli helgra manna. Áfanga-skýrsla fornleifarannsóknna 2002*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- II. Magnús Sigurgeirsson 2003: *Skriðuklaustur í Fljótsdal – fornleifarannsókn 2002. Gjóskulagagreining*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- III. Jonathan Møller 2003: *Identification of Skriðuklaustur's animal bones 2002*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- IV. Steinunn Kristjánsdóttir 2004: *Skriðuklaustur – híbýli helgra manna. Áfanga-skýrsla fornleifarannsóknna 2003*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- V. Giuseppe Venturini 2004: *Preservation Condition of Metal Objects From Skriðuklaustur Excavation 2003*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- VI. Hákon Jensson 2004: *Garðrækt í Skriðuklaustri*. Verkefni Nýsköpunarsjóðs námsmanna. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- VII. Albína Hulda Pálsdóttir 2004: *Bókagerð í miðaldaklaustrinu á Skriðu í Fljótsdal*. Verkefni Nýsköpunarsjóðs námsmanna. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- VIII. Macchioni, Nicola og Lazzeri, Simonia 2004: *Anatomical identification of the wooden samples from the Skriðuklaustur excavation (samples collection summer 2003)*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- IX. Steinunn Kristjánsdóttir 2005: *Skriðuklaustur – híbýli helgra manna. Áfangaskýrsla fornleifarannsóknna 2004*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- X. Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2005: *Miðaldaklaustrið á Skriðu. Leirker*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- XI. Steinunn Kristjánsdóttir 2006: *Skriðuklaustur – híbýli helgra manna. Áfangaskýrsla fornleifarannsóknna 2005*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- XII. Hawtin, Teresa 2006: *Human remains from Skriðuklaustur 2004*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- XIII. Dagný Arnarsdóttir 2006: *Miðaldaklaustrið á Skriðu – gerðir líkkistna*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- XIV. Pacciani, Elsa 2006: *Anthropological description of skeletons from graves no. 4, 62, 63, 65, 66, 67 and 68 at Skriðuklaustur Monastery*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- XV. Steinunn Kristjánsdóttir 2007: *Skriðuklaustur – híbýli helgra manna. Áfangaskýrsla fornleifarannsóknna 2006*. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.
- XVI. Davíð Bragi Konráðsson 2007: *Naglar frá Skriðuklaustri*. Byggt á verkefni Nýsköpunarsjóðs námsmanna. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.